

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá Jóhanni Ársælssyni, Guðjóni A. Kristjánssyni,  
Jóni Gunnarssyni, Kristjáni L. Möller og Jóni Bjarnasyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:  
Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:
  - a. Á eftir 3. másl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Aldrei er heimilt að hafa fleiri en fimm handfærarúllur um borð í báti.
  - b. 2. mgr. orðast svo:  
Á fiskveiðiárinu 2004/2005 skal fjölga leyfilegum sóknardögum hvers báts um 16% frá þeim sóknardagafjölda sem bundinn var hverjum báti í lok fiskveiðiársins 2003/2004. Sóknardögum skal fjölga um heila daga og broti sleppt. Eftir fiskveiðiárið 2004/2005 skal sóknardagafjöldi einstakra báta óbreyttur nema sem leiðir af flutningi sóknardaga milli báta og breytingum á vélarstærð báta og brúttótonnastærð þeirra samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Þó skal endurskoða leyfilegan fjölda sóknardaga í upphafi hvers fiskveiðiárs og skal úthlutuðum sóknardögum einstakra báta fækkað eða fjölgað í sama hlutfalli og meðalheildarafla sóknardagabáta á næstliðnum fimm fiskveiðiárum fer yfir eða undir heildarafla sömu báta á fiskveiðiárinu 2002/2003. Þar til fimm ára viðmiðunartímabilinu verður náð frá og með fiskveiðiárinu 2002/2003 að telja skal bæta við jafnmörgum viðmiðunartölum fiskveiðiársins 2002/2003 og á vantar. Þó skal viðmiðunin aldrei verða lægri en sá grunnur sem fiskveiðiárið 2002/2003 gefur.
  - c. Á eftir 3. másl. 4. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Verði breytingar á skráðri hestaflatölu vélar miðað við gildistöku laganna þannig að heildarvélaraflíð aukist skal leyfilegum dögum viðkomandi báts fækkað á þann hátt að verði heildarafl vélar eftir breytingar meira en 200 hestöfl rýrast sóknarheimildir um eina klukkustund fyrir hver 10 hestöfl aukningar vélaraflsins. Séu sóknardagar fluttir til báts með meira vélarafl en bátur sá er búinn sem sóknardagar eru fluttir frá skerðast sóknardagar með sama hætti og segir í þessari grein.
2. 2. gr. falli brott.